

# RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI

- RICHARD WAGNER VERBAND ISLAND -

VESTURGATA 36B - 101 REYKJAVÍK - SÍMI/FAX: 5517292

Reykjavík 3. febrúar 1997

Kæru félagar.

**Sunnudaginn 9. febrúar kl. 15.00** verður áfram haldið með sýningar á Niflungahringnum í Norræna húsinu. Eins og áður hefur komið fram verða sýningar þessar annan sunnudag hvers mánaðar fram í apríl og er nú röðin komin að **Valkyrjunn**, sem er án efa langaðgengilegust af Hringóperunum fjórum, og sú þeirra sem náð hefur mestum vinsældum. Áður en sýningin hefst munu þau Anna M. Magnúsdóttir og Reynir Axelsson halda hálf tíma fyrirlestur um Leitmotiv (leiðarfrymi) í óperunni.

Sýnt verður af laserdisk með enskum skjátexta. Við sýningu Rínargullsins um daginn var sýnt af tveim 28 " sjónvarpsskermum, en nú getum við væntanlega notað stóra veggskerminn í Norræna húsinu, að vísu án texta, en að auki verður í gangi minni sjónvarpsskermur með texta. Þetta er sem fyrr uppfærsla þeirra Daniels Barenboim og Harrys Kupfer, sem tekin var upp í Bayreuth árið 1992. Í helstu hlutverkum eru Siegmund: Poul Elming, Hunding: Matthias Hölle, Wotan: John Tomlinson, Sieglinde: Nadine Secunde, Brünnhilde: Anne Evans, Fricka: Linda Finnie.

Aðgangur að sýningunum er ókeypis og öllum heimill. Gerð verða tvö 15 mínútna hlé á sýningu Valkyrjunnar, sem mun standa yfir til ca 20.15. Kaffiveitingar seldar í kaffistofu hússins, sem er opin til kl.19.

**Tónleikar Elsu Waage altsöngkonu og píanóleikarans Mzia Bachturize verða þriðjudaginn 11. febrúar kl. 20.30 í Íslensku óperunni.** Aðgöngumiðasala í miðasölu Óperunnar (1000 kr. f. félagar).

Á efnisskrá eru einkum verk eftir Richard Wagner: Wesendonckljóðin, söngur Erdu úr Rheingold, frásögn Waltraute úr Götterdämmerung og þrjú sönglög við franska texta. Auk þess lög eftir Tosti, Bernstein, Loewe, Sigfús Einarsson og Jón Ásgeirsson.

Eftir tónleikana verður **opið hús í Þingholti á Hótel Holti** og eru félagsmenn og aðrir gestir velkomnir þangað til að samfagna listamönnum.

**Námskeið um Niflungahring Wagners og íslenskan menningararf.** Félagsmönnum mun nú hafa borist í hendur námskrá Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, en þar verður á vormisseri haldið ofangreint námskeið, sem mun standa yfir frá 17. febrúar til 14. apríl með kvöldfyrirlestur einu sinni í viku (frí þó 31. mars), alls átta skipti. Eins og sagt er í námsskránni (síða 4) verður "tilurð Niflungahringins skoðuð, meðferð Wagners á heimildum og hvernig hann samdi upp úr þeim nýja goðafræði. Litið verður í Eddu og önnur

fornrit og rýnt í bragfræði textans. Hugmyndafræði verksins verður rædd og leikin verða nokkur dæmi af hljóðritunum og myndböndum. Miðað er við að námsskeiðið henti áhugafólki um íslensk fræði, tónlist og menningarsögu 19. aldar".

Fyrirlesarar verða tveir mætir félagsmenn Wagnerfélagsins, þeir Jóhannes Jónasson, sem er einn helsti Wagner- og óperusérfræðingur landsins og Árni Björnsson þjóðháttufræðingur.

Námsskeiðisgjald er kr. 8000. (Sími Endurmenntunarstofnunar 525 4923).

**Aðalfundur** félagsins verður haldinn 9. mars kl. 14 í Norræna húsinu á undan sýningu á Siegfried, sem hefst klukkan 15. Nánar boðað síðar.

**Parsifal á föstudaginn langa.** Líkt og í fyrra verður Parsifal sýndur af laserdisk á föstudaginn langa. Nánar kynnt síðar.

**Josef Lienhart**, forseti alþjóðasamtaka Wagnerfélaga er væntanlegur til landsins í vor og mun halda fyrirlestur sem nefnist: *Szene in Licht und Farbe - Wieland Wagner í Bayreuth*. Nánar kynnt síðar.

**Bayreuthferð 1997.** Fyrir milligöngu félagsins munu 8 Íslendingar fara á sýningar í Bayreuth í sumar og sjá annars vegar Niflungahringinn, hins vegar sýningar á Tristan og Isolde og Meistarásöngvurunum.

**Niflungahringurinn** verður á fjölnum í **Metropolitan óperunni** í New York frá 29. mars til 10. maí, og verður farið þrjá Hringi og rúmlega það þó, því tvær aukasýningar verða á Valkyrjunni. Rínargullið verður sýnt 29/3, 25/4, og 5/5. Valkyrjan 7/4, 12/4, 17/4, 28/4 og 6/5. Siegfried verður á fjölnum 19/4, 30/4 og 8/5 og Götterdämmerung 26/4, 3/5 og 10/5. Fyrir þá sem ekki geta verið allt of lengi í New York er greinilega þriðji Hringurinn fýsilegastur, því hann er sýndur all þétt, dagana 5.- 10. maí. Fyrsti hringurinn og sá númer tvö (25/4 - 3/5) hafa það þó fram yfir þann þriðja að þar er Placido Domingo í hlutverki Siegmunds, aftur á móti er það Garry Lakes sem syngur Siegmund í þriðja hringnum og er það sannarlega ekki slæmur kostur. Hljómsveitarstjóri er James Levine en leikstjóri Otto Schenk. Miðapantanir í síma 212 362 6000.

Með kærri kveðju og ósk um góða skemmtun á sem flestum af ofangreindum viðburðum.

f.h. stjórnar Richard Wagner félagsins,

Selma Guðmundsdóttir formaður